

## REGLUGERÐ

### **um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (V).**

1. gr.  
*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um innflutning og útflutning á víni milli Íslands og annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Vín sem upprunnið er frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins heyrir ekki undir reglugerðina, samanber bókun 47 við EES-samninginn.

2. gr.  
*Innleiðing reglugerða.*

Eftirfarandi reglugerðir Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín skulu gilda á Íslandi með þeiri aðlögun sem fram kemur í viðkomandi ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar:

- a. *Tilteknar vinfræðilegar vinnsluaðferðir og skráning á þessum vinnsluaðferðum í skrár sem halda skal fyrir víngeirann:*
  - i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1251/2013, frá 3. desember 2013 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 16/2015, 19. mars 2015, bls. 316), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vinfræðilegar vinnsluaðferðir og á reglugerð (EB) nr. 436/2009 að því er varðar skráningu á þessum vinnsluaðferðum í skrár sem halda skal fyrir víngeirann, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2015, frá 25. febrúar 2015, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.
- b. *Aukning á hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdioxíðs ef það er nauðsynlegt vegna loftslagsskilyrða:*
  - i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2014, frá 4. apríl 2014 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 16/2015, 19. mars 2015, bls. 900), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar aukningu á hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdioxíðs ef það er nauðsynlegt vegna loftlagsskilyrða, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2015, frá 25. febrúar 2015, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.
- c. *Verndaðar upprunatáknar, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merking og framsetning tiltekina vínafurða:*
  - i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 753/2013, frá 2. ágúst 2013 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 34/2015, 18. júní 2015, bls. 297), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknar og landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merking og framsetning tiltekina vínafurða, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2015, frá 30. apríl 2015, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.

Nr. 979

16. október 2015

3. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 193. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 16. október 2015.*

F. h. r.

**Maríanna Jónasdóttir.**

---

*Steinar Örn Steinarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2015